



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 12. janúar 2026

SFS25110041

MINNISBLAÐ

Varðandi tillögu Sjálfstæðisflokksins um móttökuúrræði fyrir börn af erlendum uppruna með ólíkan menningarlegan og tungumálabakgrunn

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 10. nóvember 2025, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki að komið verði á laggirnar móttökuúrræði í reykvískum grunnskólum fyrir börn af erlendum uppruna með ólíkan menningarlegan og tungumálabakgrunn sem flytjast til landsins. Um yrði að ræða sambærilegt úrræði og móttökudeild sem Háaleitisskóli á Ásbrú í Reykjanesbæ hefur boðið upp á en sú starfsemi hefur gefið góða raun. Um yrði að ræða deild við skólana þar sem lögð er áhersla á að nemendurnir nái góðum tókum á íslensku auk góðrar undirstöðu í stærðfræði, lífsleikni og upplýsingatækni. Kosturinn við slíkar deildir innan skólanna er að þannig upplifa nemendur að þeir tilheyri ákveðnum skóla og kynnast þannig íslenskri skólamenningu áður en þeir fara inn í almennt bekkjarkerfi skólans. Slíkt úrræði stæði þessum nemendum til boða fyrsta árið sem þeir hefja skólagöngu í reykvískum grunnskóla.

Umsögn skóla- og frístundasviðs

Í grunnskólum Reykjavíkur er áætlun um móttöku nýrra nemenda með íslensku sem annað móðurmál. Nemendur geta hafið nám í íslenskum skólum á hvaða námsstigi sem er og með mismunandi íslenskukunnáttu og menntunarbakgrunn. Nemendur með íslensku sem annað móðurmál fá stuðning í kennslu við að ná tókum á talmáli, skilningi, hlustun, lestri, ritun, skólamáli og námsfærni. Í Aðalnámskrá grunnskóla, kafla 7.13, er kveðið á um að ábyrgð á íslenskunámi nemenda hvílir á skólastjórnendum, umsjónarkennurum, íslenskukennurum, öllum öðrum kennurum og foreldrum og þessir aðilar þurfa að vinna saman til að námið verði markvisst.

Í Reykjavík eru starfræktir 38 borgarrektnir grunnskólar og er fjöldi nemenda með íslensku sem annað tungumál misjafn eftir skólum. Í hverjum skóla er áætlun um kennslu í íslensku sem öðru máli og í fjölmörgum skólum er starfrækt einhverskonar íslenskuver sem styður við nemendur í íslensku sem öðru máli.

Haustið 2021 hófu íslenskuver starfsemi sína og voru þau fyrst um sinn tvö; við Austurbæjarskóla sem þjónustar nemendur í Vesturmiðstöð og við Vogaskóla sem þjónustar nemendur í Norðurmiðstöð. Íslenskuver við Ingunnarskóla, sem þjónustar



Reykjavík



Austurmiðstöð og við Breiðholtsskóla sem þjónustar Suðurmiðstöð tóku til starfa 2022. Íslenskuver þjónusta börn í 5.-10.bekk sem eru nýflutt til landsins. Reynsla af starfsemi íslenskudeildanna eins og þau eru kölluð í dag hafa gefið góða raun og var skýrsla um úttekt á starfseminni kynnt í haust.

Í verkefninu [Íslenskubré Breiðholtsskóla](#) sem meðal annars var tilnefnt til Íslensku menntaverðlaunanna 2025 fyrir fyrirmyndar þróunarverkefni er lagður grunnur að stuðningi við kennslu í íslensku sem öðru máli

Á skóla- og frístundasviði eru starfræktar móttökudeildir fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd og börn með mjög rofna skólagöngu. Annars vegar er það móttökudeild fyrir nemendur í 1.- 5.bekk við Breiðagerðisskóla og hins vegar fyrir nemendur í 6.-10.bekk við Seljaskóla. Meginmarkmið deildanna er að styðja við nemendur á meðan unnið er að mati á námslegri stöðu þeirra og hlúð að félaglegum og sálrænum þáttum. Þar er lögð áhersla á kennslu í íslensku, stærðfræði og öðrum námsfögum til undirbúnings fyrir þátttöku í almennu skólastarfi. Nánari upplýsingar er að finna á [vefnum](#).

Skóla- og frístundasvið vinnur að endurskoðun á skipulagi og úthlutun kennslu í íslensku sem öðru máli. Í þeirri vinnu verður meginmarkmiðið að skoða námsumhverfi nemenda og stuðning og fræðslu við kennara.

